

STJÓRN STRÆTÓ BS.

212. fundur. Mánudaginn 16. febrúar 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs., á Hesthálsi 14, Reykjavík og hófst hann kl. 17:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Einar Birkir Einarsson, Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Kristín Soffía Jónsdóttir. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og fundarritari var Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri.

Tekið fyrir:

1. Staða dómsmála

Guðmundur Siemsen, lögfræðingur hjá Advel, fór yfir stöðuna í tveimur dómsmálum sem voru höfðað á hendur Strætó fyrir héraðsdómi af aðilum sem ekki var samið við eftir útboð nr. 12369 á árinu 2010. Stjórn óskar eftir að Guðmundur Siemsen, taki saman minnisblað sem lagt verði fyrir stjórn um stöðu mála.

2. Áhættumat á fyrirhuguðu akstursútboði

Framhaldsumræða frá fundi stjórnar föstudaginn 13. febrúar sl. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna og leggja fyrir stjórn.

3. Kóðadeiling milli Ruter í Noregi og Strætó - samkomulag

Daði Ingólfsson, yfirmaður upplýsingatækni fór yfir drög að samkomulagi við Ruter og þær athugasemdir sem lögfræðingur Strætó gerði við samninginn. Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra ásamt yfirmanni upplýsingatækni heimild til að ganga frá samkomulagi við Ruter.

4. Strætó Appið – næstu skref

Daði Ingólfsson, yfirmaður upplýsingatækni, fór yfir næstu útgáfu á Appinu (2.0).

5. Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra

Bryndís Haraldsdóttir, stjórnarformaður, lagði fyrir fundinn ráðningarsamning við nýjan framkvæmdastjóra Jóhannes Rúnarsson frá 23. janúar 2015, til staðfestingar. Stjórn Strætó bs. staðfestir samninginn.

6. Fyrirhugaðar breytingar á tímatöflu og vaktakerfi

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaðar breytingar á tímatöflu vegna leiðakerfis sem tók gildi 4. janúar sl. Framangreindum breytingum er ætlað að sníða af þá annmarka á nýja kerfinu sem upp hafa komið frá því að það tók gildi. Samhliða þessum breytingum er gert ráð fyrir að vaktakerfi vagnstjóra taki breytingum í takt við breytingar á leiðakerfinu.

Stjórn samþykkir breytinguna.

7. Fyrirspurnin frá borgarráði frá 12. febrúar sl.

Framkvæmdastjóra falið að svara í samræmi við framlögð drög.

8. Akstursþjónusta fyrir fatlaða

Erindi frá Innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar dagsett 10. febrúar 2015, þar sem óskað er eftir að stjórn tilnefni tengilið vegna úttektar á aðdraganda, innleiðingu og framkvæmd ferðaþjónustu fatlaðs fólks hjá Strætó.

Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri verði tengliður fyrir hönd Strætó.

9. Aukin forgangur

Á háannatíma er yfirferðarhraði Strætó víða takmarkaður vegna umferðarpunga. Á fjölförnum strætóleiðum má gera ráð fyrir því að þessar takmarkanir á yfirferðartíma hafi talsverðann kostnað í för með sér. Stjórn Strætó felur framkvæmdastjóra að láta taka saman helstu staði í leiðarkerfinu þar sem að forgagnsreinar og/eða ljósastýrður forgangur gætu aukið yfirferðarhraða. Taka skal saman heildarbreytingar í yfirferðartíma við hverja framkvæmd ásamt kostnaðarmati á væntum sparnaði. Þannig verði hægt að bera saman stofnkostnað og rekstrarlegan ábata fyrir hvert verkefni og kerfið í heild.

Næsti fundur verður haldinn í stjórn 27. febrúar 2015 kl: 8:00.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 19:30

Bryndís Haraldsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Einar Birkir Einarsson